

**Ed.**

**435. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra.

(Eftir síðari umr. i Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra fyrir árið 1918 og meðan lög nr. 59, 26. okt. 1917, eru í gildi, eftir reglum þeirra laga og auk þeirrar uppbótar, sem þeim ber samkvæmt þeim af föstum launum þeirra.